

## ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS

frá 19. desember 1997

### um að koma á fót aðgerðaáætlun bandalagsins á sviði almannavarna(\*)

(98/22/EB)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 235. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins <sup>(2)</sup>,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(3)</sup>,

með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar <sup>(4)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Aðgerðir bandalagsins á þessu sviði síðan 1985 hafa gert það mögulegt að koma smám saman á samstarfi milli aðildarríkjanna. Þær ályktanir sem samþykktar hafa verið síðan 1987 <sup>(5)</sup> eru grunnur þessa samstarfs.

Samstarf innan bandalagsins á sviði almannavarna stuðlar að því að markmiðum stofnsáttmálans verði náð með því að ýta undir samstöðu meðal aðildarríkjanna, bæta lífskjör og stuðla að varðveislu og verndun umhverfisins.

Í stefnu- og framkvæmdaáætlun bandalagsins um umhverfi og sjálfbæra þróun <sup>(6)</sup> sem framkvæmdastjórnin setur fram er fyrirhugað að bandalagið auki umsvif sín á sviði almannavarna og neyðarástands í umhverfismálum.

Innleiðsla aðgerðaáætlunar bandalagsins með hliðarráðstöfunum mun stuðla að því að gera samstarf á þessu sviði enn skilvirkara. Aðgerðaáætlunina skal að miklu leyti byggja á reynslu sem þegar hefur verið aflað á þessu sviði.

Mikilvægt er að gripið sé til aðgerða til að þeir aðilar, sem bera ábyrgð á og taka þátt í almannavörnum í aðildarríkjunum, fái þjálfun sem eykur viðbúnað þeirra.

Einnig er mikilvægt að grípa til aðgerða sem beinast að hinum almenna borgara, þannig að evrópskir ríkisborgarar geti eftt eigin varnir.

Fastanet tengiliða aðildarríkjanna um almannavarnir mun áfram gegna mikilvægu hlutverki í málefnum sem tengjast almannavörnum.

Ráðgjafanefnd sem skipuð er fulltrúum aðildarríkjanna verður sett á stofn til að aðstoða framkvæmdastjórnina við að koma ákvörðuninni til framkvæmda.

Samstarf innan bandalagsins skal í samræmi við dreifræðisregluna styðja og koma til viðbótar innlendum reglum um almannavarnir til þess að efla þær. Samnýting reynslu og gagnkvæm aðstoð mun stuðla að því að draga úr manntjóni, slysum, efnahagstjóni og umhverfisskaða um gervallt bandalagið.

Rétt er að veita jaðarsvæðum og einangruðum svæðum innan bandalagsins sérstaka athygli vegna sérstöðu þeirra.

Áætlunin skal ekki standa lengur en í tvö ár (1998, 1999).

Í þessari ákvörðun er tilgreind fjárhagsviðmiðun, í skilningi 2. liðar yfirlýsingar Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar frá 6. mars 1995, sem stendur meðan ákvörðun þessi er í gildi, án þess þó að hafa áhrif á heimildir fjárveitingavaldsins samkvæmt ákvæðum sáttmálans.

Í sáttmálanum er ekki gert ráð fyrir öðrum heimildum vegna samþykktar þessarar ákvörðunar en þeim sem um getur í 235. gr.

#### SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*I. gr.*

Aðgerðaáætlun bandalagsins á sviði almannavarna (hér á eftir nefnd „áætlunin“) er hér með komið á fót í þeim tilgangi að stuðla að því að unnt verði að verja menn, eignir og umhverfi komi til náttúruhamfara eða við vá af völdum tæknibilunar, samanber þó innri skiptingu valdsviðs í aðildarríkjunum.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stj. 1998, L 8, 14.1.1998, bls. 20, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 71/1999 frá 2. júní 1999 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

(1) Stj. 1995, C 142, 8. 6. 1995, bls. 19; Stj. 1996, C 202, 12. 7. 1996, bls. 9.

(2) Stj. 1996, C 141, 13. 5. 1996, bls. 258.

(3) Stj. 1995, C 301, 13.11. 1995, bls. 3.

(4) Stj. 1996, C 100, 2. 4. 1996, bls. 111.

(5) Stj. 1987, C 176, 4. 7. 1987, bls. 1; Stj. 1989, C 44, 23. 2. 1989, bls. 3;

Stj. 1990, C 315, 14. 12. 1990, bls. 1; Stj. 1990, C 315, 14. 12. 1990, bls. 3;

Stj. 1991, C 198, 27. 7. 1991, bls. 1; Stj. 1994, C 313, 10. 11. 1994, bls. 1.

(6) Stj. 1993, C 138, 17. 5. 1993, bls. 5.

Tilgangurinn með þessari áætlun er að styðja og koma til viðbótar aðgerðum aðildarríkjanna á sviði almannavarna á landsvísu, svæðisbundið eða staðbundið, auk þess að auðvelda samvinnu á þessu sviði milli aðildarríkjanna.

Áætlunin tekur ekki til ráðstafana sem miða að samræmingu laga og reglugerða aðildarríkjanna eða skipulagi viðbúnaðar innanlands í aðildarríkjunum.

2. gr.

1. Áætlunin hefst 1. janúar 1998 og skal henni lokið 31. desember 1999.

2. Áætlun um framkvæmdina skal gerð til tveggja ára og endurskoðuð árlega, hún skal samþykkt í samræmi við málsmeðferðina í 4. gr., meðal annars á grundvelli þeirra upplýsinga sem aðildarríkin láta framkvæmdastjórninni í té.

Viðmiðunarfjárhæðin sem ætluð er til að hrinda áætluninni í framkvæmd er 3 milljónir eka (ECU).

Fjárveitingayfirvaldið heimilar árlega fjárveitingu í samræmi við fjárhagsforsendur hverju sinni.

3. Aðgerðir sem falla undir áætlunina, fjárhagsráðstafanir og leiðbeinandi úthlutun fjármagns eru settar fram í viðaukanum.

3. gr.

1. Í áætluninni um framkvæmdina skulu settar fram einstakar aðgerðir sem ráðist skal í.

2. Einstakar aðgerðir skulu einkum valdar með tilliti til eftirfarandi viðmiða:

- a) að þær stuðli að því að minnka hættuna á að menn, umhverfi og eignir verði fyrir skaða komi til náttúruhamfara eða við vá af völdum tæknibilunar;
- b) að þær stuðli að því að auka viðbúnað þeirra sem taka þátt í almannavörnum í aðildarríkjunum, í þeim tilgangi að auka hæfni þeirra til að bregðast við í neyðartilvikum;
- c) að þær stuðli að því að bæta tækni og aðferðir til að bregðast við í neyðartilvikum: tilraunaverkefni;
- d) að þær stuðli að því að auka skilning, fræðslu og upplýsingar til almennings, til þess að almennir borgarar geti eflt eigin varnir.

3. Hver einstök aðgerð skal fara fram í náinni samvinnu við lögbær yfirvöld.

4. Í hverri aðgerð skal tekið mið af niðurstöðum bandalagsins og niðurstöðum úr innlendum rannsóknum á viðeigandi sviðum.

5. Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu leggja sitt af mörkum til að áætlunin sé í samræmi við aðrar aðgerðir bandalagsins.

4. gr.

Við framkvæmd áætlunarinnar skal framkvæmdastjórnin njóta aðstoðar nefndar sem skipuð er fulltrúum aðildarríkjanna undir formennsku fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar.

Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álit sínu á drögunum innan þeirra tímamarka sem formanni er heimilt að setja eftir því hversu brýnt málið er. Álitid skal samþykkt með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans þegar um er að ræða samþykkt ákvarðana sem ráðið tekur að tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni vege eins og mælt er fyrir um í þeirri grein. Formaðurinn greiðir ekki atkvæði.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ráðstafanirnar sem öðlast gildi þegar í stað. Séu þessar ráðstafanir hins vegar ekki í samræmi við álit nefndarinnar skal framkvæmdastjórnin tilkynna ráðinu tafarlaust um þær. Ef svo ber undir:

- a) skal framkvæmdastjórnin fresta framkvæmd ráðstafananna, sem hún hefur ákveðið að gera um þrjá mánuði frá dagsetningu orðsendingarinnar;
- b) er ráðinu heimilt að taka aðra ákvörðun með auknum meirihluta innan þeirra tímamarka sem um getur er í alið.

5. gr.

Framkvæmdastjórnin skal meta árlega hvernig miðar við framkvæmd áætlunarinnar og skila skriflegri matskýrslu til nefndarinnar sem um getur í 4. gr.

6. gr.

Ákvörðun þessi kemur til framkvæmda 1. janúar 1998.

7. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 19. desember 1997.

*Fyrir hönd ráðsins,*

F. BODEN

*forseti.*

## VIÐAUKI

Aðgerð	Fjármögnunar- fyrirkomulag	Leiðbeinandi úthlutun fjármagns
<p><b>A. Aðgerð sem stuðlar að auknum viðbúnaði þeirra sem taka þátt í almannavörnum</b></p> <p>1. <i>Þjálfun</i></p> <p>Skipulagning námskeiða (að mestu byggð á sjálfsnámi) með þátttöku háttsettra sérfræðinga frá aðildarríkjunum þar sem hægt verður að miðla gagnkvæmt reynslu varðandi aðferðir, tækni og leiðir á sem ítarlegastan hátt, innan hvers fags fyrir sig, með það fyrir augum að:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>– auka viðbúnað þeirra,</li> <li>– skapa aðstæður fyrir stofnun nets manna sem myndi greiða fyrir skilvirkara samstarfi aðildarríkjanna í neyðartilvikum.</li> </ul> <p>2. <i>Skipti á sérfræðingum</i></p> <p>Skipulagning skipta á sérfræðingum frá aðildarríkjunum sem gera þeim kleift að sækja stutt þjálfunarnámskeið í öðru aðildarríki.</p> <p>Skipulagning á flutningi eins eða fleiri sérfræðinga til almannavarnadeilda hinna aðildarríkjanna til að gefa þeim möguleika á að halda tiltekin þjálfunarnámskeið, öðlast reynslu eða meta ólíka tækni sem notuð er eða til að kynna sér þær aðferðir sem notaðar eru af öðrum þjónustuaðilum á sviði almannavarna.</p> <p>3. <i>Hermiæfingar innan bandalagsins</i></p> <p>Þessar æfingar eru ætlaðar til að bera saman aðferðir og til að stuðla að framförum í almannavarnakerfum hvers ríkis.</p>	<p>Hámarksframlag bandalagsins: 75% af heildarkostnaði aðgerðarinnar, að hámarki 62 500 eður (ECU) til hversrar aðgerðar</p> <p>Hámarksframlag: 75% af ferða- og framfærslukostnaði sérfræðinganna og 100% af kostnaði við samræmingu kerfisins</p> <p>Hámarksframlag bandalagsins: 50% af þátttökukostnaði áheyrnarfulltrúa aðildarríkjanna sem boðið er af því ríki sem skipuleggur æfingarnar, kostnaði við skipulagningu tengdra námskeiða, undirbúningi æfingarinnar, lokaskýrslu o.fl.</p>	<p>58 til 70 %</p>

Aðgerð	Fjármögnunarfyrirkomulag	Leiðbeinandi úthlutun fjármagns
<p><b>B. Verkefni sem stuðla að því að bæta tækni og aðferðir til að bregðast við í neyðartilvikum (tilraunaverkefni)</b></p> <p>Verkefni sem ætlað er að auka viðbragðsgetu aðildarríkjanna. Þessum verkefnum er einkum ætlað að bæta leiðir, tækni og verklag. Verkefnin þurfa að vera nægilega umfangsmikil til að höfða til allra aðildarríkjanna eða hluta þeirra og gætu tekið til verkefna varðandi innleiðslu nýrrar tækni sem tengist almannavörnum.</p>	<p>Hámarksframlag bandalagsins: 50% af heildarkostnaði við hvert verkefni</p>	<p>15 til 20 %</p>
<p><b>C. Aðgerð sem stuðlar að því að auka skilning almennings og er honum til upplýsingar og fræðslu, í þeim tilgangi að almennir borgarar geti styrkt eigin varnir <sup>(1)</sup> <sup>(2)</sup></b></p> <p>Aðgerð til að hvetja til miðlunar reynslu og þekkingar á milli aðildarríkjanna, svæða innan þeirra og staðaryfirvalda, á sviði aðgerða til að auka skilning, fræðslu og upplýsingar til almennings til að almennir borgarar geti eflt eigin varnir. Hugmyndin er að byggja á þeirri vinnu sem þegar hefur verið unnin í aðildarríkjunum og að gera stjórnvöldum og öðrum stofnunum kleift að njóta góðs af svipaðri reynslu annarra aðildarríkja. Markhópurinn er almenningur.</p> <p>Dreifing upplýsingaefnis og farandsýningar um samstarf innan bandalagsins á sviði almannavarna.</p>	<p>Hámarksfjárframlag bandalagsins: 50% af heildarkostnaði hverrar aðgerðar</p> <p>100 % fjármögnun</p>	<p>15 til 20 %</p>
<p><b>D. Virkjun sérfræðiþekkingar</b></p> <p>Virkjun sérfræðiþekkingar, eins og kveðið er á um í handbók um almannavarnir, til þess styrkja það fyrirkomulag sem stjórnvöld í aðildarríkjunum, sem standa frammi fyrir neyðarástandi vegna náttúruhamfara eða vá af völdum tæknibilunar, hafa komið á.</p> <p>Virkjun sérfræðiþekkingar sem þriðja land óskar eftir vegna sérstakra neyðartilvika, að því tilskildu að viðkomandi framkvæmd uppfylli ekki skilyrði ECHO eða annarra stofnana bandalagsins.</p>	<p>Fjárframlag bandalagsins: 100% af kostnaði við leiðangra sérfræðinga</p>	<p>2 %</p>

(1) Aðgerðir bandalagsins á sviði almannaveilbrigðis eru ekki inni í þessari áætlun (sjá einkum ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 645/96/EB frá 29. mars 1996 þar sem samþykkt er aðgerðaáætlun bandalagsins um heilsueflingu, upplýsingamiðlun, fræðslu og menntun á sviði heilbrigðismála sem liður í almennu átaki á sviði almannaveilbrigðis (1996–2000) (Stjtið. EB L 95, 16.4.1996, bls. 1).

(2) Aðgerð C ætti að ná yfir ráðstefnur og aðra viðburði sem tengjast almannavörnum og eru opnir stórum hópum áheyrenda (hámarksfjárframlag bandalagsins: 30 %, að hámarki 25 000 eður (ECU) og aðrar stuðningsaðgerðir til eflingar almannavörnum í aðildarríkjunum, (hámarksfjárframlag bandalagsins: 50 % af heildarkostnaði aðgerðarinnar).